

Miðvikudaginn 18. nóv. 1925.

Nr. 34/1925. **Br. Árnason f. h. Sjur Lothe & Co.**

A/S. (Sveinn Björnsson)

gegn

O. G. Syre. (Enginn).

Útaf skuld og sjóveðrjetti fyrir henni í skipi.

Dómur sjóddóms Ísafjarðar 6. júní 1925: Stefnur O. G. Syre á að vera sýkn af kröfum stefnanda cand. jur. Br. Árnasonar í máli þessu fyrir hönd Sjur Lothe & Co. A/S Haugesund. Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir hvorki mætt nje látið mæta í máli þessu, og hefir það verið rekið skriflega samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og verður dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Hjer fyrir rjettinum heldur áfrýjandi því fram, að hin umstefnda skuld hafi að visu ekki upprunalega verið stofnuð af stefnda, en hinsvegar hafi hann tekið að sjer greiðslu hennar, er hann keypti skipið »Hrönn« ex Solundir og þessu til sönnunar hefir hann lagt fram hjer í rjettinum brjef frá stefnda til Sjur Lothe & Co., dags. 20. apríl 1925, eða nokkru eftir að mál þetta var lagt í dóm í hjeraði, þar sem stefndi afsakar að hann hafi ekki staðið í skilum við Sjur Lothe & Co. á rjettum tíma og kveðst vonast til að geta greitt skuld sína hið fyrsta.

Þar eð ekki sjest, að um önnur skuldaskifti hafi verið að ræða milli málsaðilanna en þau, er ræðir um í máli þessu, og þar sem ekki er ágreiningur um upphæð skuldarinnar, verður að telja að í brjefi þessu felist næg viðurkenning frá stefnda hálfu fyrir skuldinni.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og dæma stefnda til að greiða umstefndar norskar krónur 5279,42 með 6% ársvöxtum frá 11. júlí 1924 til greiðsludags. Þar sem ennfremur er upplýst að hin umstefnda skuld er til orðin við skuldbindingu, er skipstjóri hefir gengið í vegna stöðu sinnar, fylgir henni sjóveðrjettur í skipi stefnda »Hrönn« ex Solundir samkvæmt 236. gr. 4. lið siglingalaganna. Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í hjeraði og í hæstarjetti er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi O. G. Syre greiði áfrýjanda cand. juris Br. Árnasyni f. h. Sjur Lothe & Co. A/S. Haugesund norskar krónur 5279,42 með 6% ársvöxtum frá 11. júlí 1924 til greiðsludags, og málskostnað fyrir báðum rjettum með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 28. mars þ. á. hefir cand. jar. Br. Árnason fyrir hönd firmans Sjur Lothe & Co. A/S. í Haugesund höfðað mál þetta fyrir sjóðóminum gegn eiganda og útgerðarmanni mótorskipisins „Hrönn“ ex Solundir O. G. Syre á Ísafirði til greiðslu á skuld að upphæð norskar kr. 5279,42 ásamt með 6% vöxtum frá 11. júlí 1924 til greiðsludags, að viðurkendur verði sjóveðrjettur fyrir kröfunni í skipinu og heimilað að láta selja skipið að undangengnu fjárnámi og að honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Stefndur hefir hvorki mætt nje mæta látið í málinu og þykir þó stefnan hafa verið löglega birt honum sbr. 9. gr. laga nr. 63,

1917. Það ber því að dæma málið eftir hinum framlögðu skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796 2. gr.

Samkvæmt stefnu málsins eru tildrög þess á þá leið, að árið 1924, 9.—11. júlí hafi skipið Solundir fengið ýmislegt til Íslandsveiða og peninga til að greiða mannakaup með, hjá stefnanda, fyrir norskar kr. 4785,39, ennfremur áður á árinu til vorsildarútgerðar úttekt fyrir norskar kr. 494,53, samtals norskar kr. 5279,42. Hafi það verið gert samkvæmt beiðni þáverandi skipstjóra á skipinu, Ole Omundssen, er ritað hefir samþykki sitt á reikningana yfir úttekt þessa. Þegar skuldin var stofnuð var skipið skrásett í Kannesund í Noregi og norsk eign en vöruúttektin og greiðsla á mannakaupi fer fram í Haugesund. — Telur stefnandi að sjóveðrjettur sje fyrir kröfunni samkvæmt siglingalögum nr. 56, 1914, 236. gr. 4. lið sbr. 53. gr. greindra laga.

Að því er kröfu stefnanda snertir er meginhluti hennar norskar kr. 4785,39 samkvæmt reikningi (rskj. 2) en reikningur þessi er ódagsettur og engar upplýsingar hvenær skuldin hafi verið stofnuð, nema það sem segir í stefnunni. En með því að stefndur hefir eigi mætt í málinu verður að álíta að hann hafi viðurkennt að hún sje stofnuð 9.—11. júlí f. á.

Skjöl málsins sýna það að skipið „Hrönn“ hefir áður verið norsk eign eða til 12. júlí f. á. og hjét þá „Solundir“, en þá kemur beiðni frá eiganda þess til skrásetningarstjórans í Kannesund um að strika skipið útaf skipaskránni þar eð það sje selt til Íslands og að skipið hefir verið strikað út þann sama dag.

Í málinu eru engar upplýsingar framkomnar um það, að skuldin sje stofnuð af stefndum eða í umboði hans. Verður því að álíta að hún sje stofnuð af fyrverandi eiganda skipsins og með því að eigi liggur neitt fyrir í málinu um það að stefndur hafi tekið að sjer skuldina um leið og hann kaupir skipið verður eigi sjeð að honum beri að greiða hana og ber því að sýkna stefndan af kröfu stefnanda í málinu.

Að því þar næst snertir spurninguna um sjóveðrjett í skipinu fyrir umræddri kröfu, þá er á það að líta að krafan samkvæmt framangreindu er stofnuð af fyrverandi eiganda skipsins meðan það var norsk eign og átti heima í Noregi. Þar sem nú um hlutbundin rjettindi er hjer að ræða, verður að álíta að um stofnun sjóveðrjettar í þessu tilfelli fari samkvæmt norskum lögum. En fyrir því er engin sönnun færð í málinu að sjóveðrjettur hafi

stofnast eftir norskum lögum og því hefir eigi verið haldið fram í málinu. Eins og því málið liggur þýkir það eigi nægilega sannað að sjóveðrjettur sje í skipinu „Hrönn“ ex „Solundir“ fyrir kröfu stefnanda.

Krafa stefnanda um sjóveðrjett í skipinu „Hrönn“ fyrir framannefndri kröfu samkvæmt siglingalögum nr. 56, 1914 verður því eigi til greina tekin.

Það ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Þar sem stefndur hefir eigi mætt í málinu fellur málskostnaður niður.

Rjetturinn lætur þess getið að dráttur á uppsögn dómshins stafi af því að annar meðdómsmanna var fjarverandi um tíma

Mánudaginn 30. nóv. 1925.

Nr. 23/1925. **Sören Goos** (Pjetur Magnússon)
gegn

Böðvari Bjarkan f. h. Óla Metúsalemssonar og gagnsök
(Bjarni Þ. Johnson).

Borgun fyrir dráttaraðstoð skips.

Dómur sjódoms Siglufjarðarkaupstaðar 13. febr. 1925: Stefndur Sören Goos útgerðarmaður á Siglufirði greiði stefnanda kr. 3000,00 með 4% ársvöxtum frá 8. okt. s. l. til greiðsludags og 80 kr. í málskostnað. Hið ídæmda að greiða innan þjá daga frá lögbirtingu að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir aðaláfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 11. maí þ. á., en stefndi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 5. sept. síðastl., að fengnu uppreistarleyfi dags. s. d.

Að því athuguðu að veður var gott og vindur hagstæður til að sigla v/s. »Brödrene« inn á hafnir